



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

640. stjórnarfundur þriðjudaginn 3. júní 2025 kl. 18:30.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Garðar Örn Arnarson, Guðmundur Steinarsson, Jónína Steinunn Helgadóttir, Stefán Guðjónsson og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Sveinbjörg Sigurðardóttir

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

- Tölvupóstur frá formanni íþróttauppygginganefndar, Evu Stefánsdóttur. Fyrsti fundur með Keflavík í langan tíma. Kynntar voru nýjar hugmyndir.
- Tölvupóstur frá Halldóru Friðu Þorvaldsdóttur bæjarstjóra. Boð um að mæta fyrir bæjarstjórnarfund þriðjudaginn 3. júní kl. 16. Framkvæmdastjóri Keflavíkur fær 15 mín til að kynna afstöðu Keflavíkur varðandi framtíðaruppyggingu íþróttamannvirkja.
- Tölvupóstur frá Bjarneyju Rut Jensdóttur formanni lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar. Beiðni um upplýsingar varðandi verklagsreglur um sölu áfengis á íþróttaviðburðum. Framkvæmdastjóra falið að svara ráðinu.
- Tölvupóstur frá fimleikadeild Keflavíkur vegna punkta fyrir næsta formannafund.
- Tölvupóstur frá Reykjanesbæ vegna undirbúnings á fimleikasal í Keili.
- Tölvupóstur frá Helga Arnarsyni, sviðsstjóra menntasviðs, vegna æfinga næsta haust í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Hugsanlega verður Skólamatur í sal 2 uppi.
- Tölvupóstur frá svæðisskrifstofu Suðurnesja. Tillögur að móttökupakka fyrir nýjar stjórnir.

3. Send bréf

- Tölvupóstur sendur á Reykjanesbæ vegna skólastarfs næsta vetur.

4. Þorrablót Keflavíkur

Framkvæmdastjóri Keflavíkur hitti Böðvar Jónsson og Magnús Þorsteinsson formenn knattspyrnu- og körfuknattleiksdeildar. Farið var yfir næstu skref fyrir þorrablót 2026. Stjórnir deildanna vilja fá að hafa eitthvað um það að segja hverjir verða í næstu þorrablótnefnd.

5. Uppbygging íþróttamannvirkja

Framkvæmdastjóri fór á fund hjá bæjarstjórn Reykjanesbæjar í dag þar sem hann var boðaður til þess að halda 15 mínútna kynningu á afstöðu Keflavíkur varðandi íþróttauppgjöfingu á svæðinu.

6. Rekstrarstjóri körfuknattleiksdeildar

Búið er að taka tvö viðtöl við umsækjendur. Umsækjendur voru boðaðir í viðtöl þar sem Sveinbjörg Sigurðardóttir, Stefán Guðjónsson og Björg Hafsteinsdóttir fyrir hönd Keflavíkur og Guðrún Þorsteinsdóttir hjá GTH ráðgjöf sáu um viðtölin. Farið verður yfir umsóknir með formanni körfuknattleiksdeildar og barna- og unglingaráðs.

7. Stökkmót Keflavíkur

Stökkmót Keflavíkur var haldið í 10. sinn hér á Sunnubrautinni 24. maí sl. Alls kepptu 7 einstaklingar á mótinu frá Selfossi, ÍR, FH og Keflavík. Helgi Hólm hefur verið aðal hvata maðurinn að þessu móti og tilkynnti hann að móti loknu að þetta yrði hans síðasta mót sem hann kæmi að. Skorað var á Keflavík að halda þetta mót áfram.

8. Formannafundur

Formannafundur Keflavíkur verður fimmtudaginn 5. júní kl 18:00 í VIP salnum á Sunnubrautinni.

9. Önnur mál

- Svartabeltispróf hjá Taekwondodeildinni. Framkvæmdastjóri Keflavíkur var viðstaddur svartabeltispróf hjá Taekwondo deildinni sem var haldið 25. maí sl. 7 iðkendur frá Keflavík tóku prófið og stóðust það með stæl. Vel að þessu staðið hjá Taekwondo deildinni.
- Litahlaup. Framkvæmdastjóri skoðar að vera með litahlaup í kringum Ljósanótt.
- Umsókn til Reykjanesbæjar um viðburða- og markaðsstjóra. Mikil þörf á þessu starfi. Einnig rætt að endurskoða starfslýsingar núverandi starfsfólks.
- Blue höllin. Framkvæmdastjóra ásamt gjaldkera aðalstjórnar falið að kanna með möguleikana á að taka yfir rekstur íþróttahússins á Sunnubraut.
- Fræðsludagur Keflavíkur. Ákveðið að vera með árlegan fræðsludag. Þennan dag er hugað er að gæðastarfi og stjórnir ásamt þjálfurum fá fræðslu um hin ýmsu málefni. Þetta væri frídagur á æfingum hjá öllum deildum.
- Markaðssetning og vörumerki K-merkis. Vinna er hafin við að búa til fastar reglur yfir notkun K-merkisins og markaðssetningu.
- Málefni fatlaðra barna og þátttaka þeirra í íþróttum rædd.
- Einkabjálffaranám hjá FS. Einkabjálffaranám verður áfram næsta haust í Litla Sporthúsinu. Samstarfið síðasta skólaár gekk vel.

- Íslandsmeistarar Hauka og Stjörnnunnar. Búið er að fara með blóm til Íslandsmeistara í körfu karla og kvenna.
- Hreinsun skotsvæðis. Hreinsunarmál eru ekki komin á hreint ennþá. Það þarf að taka aðrar mælingar þar sem fyrri mæling var ekki gerð rétt.
- Gólfefnaskipti í Heiðarskóla. Gengur vel og vonast er til að verkið klárast í lok júní.

Fundi lokið kl. 21:20

Formaður boðar til næsta fundar.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.